

Borgarstjórn Reykjavíkur

5. apríl 2016

Tillaga borgarfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um götuþvott:

Framsókn og flugvallarvinir leggja til að götur borgarinnar verði þrífarnar nú með sama hætti og verið hefur undanfarin ár og því verði fallið frá samþykkt umhverfis- og skipulagssviðs þess efnis að þvo ekki húsagötur eftir veturinn.

Greinargerð:

Hætta er á að fjöldi barna og fullorðinna sem eiga við ýmsa öndunarfærasjúkdóma að stríða, svo sem asma og lungnasjúkdóma, muni finna fyrir vaxandi óþægindum vegna aukinnar loftmengunar og svifryks yfir hættumörkum í miklum þurrki og vindi verði götuþvottinum sleppt. Einnig má búast við að þessir einstaklingar muni lenda í auknum lyfjakostnaði vegna þessa. Ljóst er að 3,5 milljónir króna muni sparast með að sleppa því að þrifa húsagötur með vatni. Framsókn og flugvallarvinir telja að til þess að ná að fjármagna þvottinn megi til dæmis fækka utanlandsferðum kjörinna fulltrúa og starfsmanna borgarinnar. Hrein torg fögur borg.